

Nd.

218. Breytingartillögur

við frv. til kosningalaga fyrir Reykjavík.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Kosningarrjett við bæjarstjórnar- og borgarstjórakosningar, svo og við kosningu annara nefnda eða opinberra starfsmanna, er vinna í bæjarins þarfir og kjósa ber með almennum kosningum, hafa allir bæjarbúar, sem eru 21 árs eða eldri og hafa verið heimilisfastir í bænum í eitt ár þegar kosning fer fram. Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir.

2. Við 2. gr. Aftan við gr. bætist: sbr. þó 3. gr.

3. Við 3. gr. Aftan við gr. bætist:

Þó skal kjörstjórn leyfa þeim að kjósa, er á kjördegi sannar fyrir henni, að hann eigi kosningarrjett, þótt hann standi eigi á kjörskrá.